



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020.

Hinn 21. mars sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020 (þskj. 1172 í 695. máli). Frumvarpinu var vísað til fjárlaganefndar að fyrstu umræðu lokinni. Með tölvupósti, dags. 23. mars sl., óskaði nefndin eftir umsögn SAF – Samtaka ferðapjónustunnar um frumvarpið.

Með frumvarpinu leitar ráðherra heimildar Alþingis til lántöku og tiltekinna ráðstöfunar lánsfjár. Í lið 7.32. í 4. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til gerðar samninga við Seðlabanka Íslands um að bankinn veiti fyrirgreiðslu til að auðvelda viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Gert er ráð fyrir að lánastofnanir muni við lánveitingar uppfylla nánari skilyrði sem ráðherra setur í samningi við Seðlabanka: „Í samningnum skulu tilgreind þau hlutlægu skilyrði sem lögð verða til grundvallar ákvörðunum um skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, ásamt nánari skilyrðum við veitingu ábyrgða, hvernig tryggja megi að ráðstöfun Seðlabankans byggji á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig eftirliti og reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.“ Samkvæmt því sem kemur fram í inngangi greinargerðar frumvarpsins er fyrirgreiðslunni ætlað að auka möguleika fyrirtækja í tímabundnum vanda til að afla sér tímabundins lausafjár með því móti að ríkissjóður ábyrgist helming slíkrar viðbótarlántöku. Í kafla 3.4 á bls. 18–20 í greinargerð frumvarpsins er tekið fram að gert sé ráð fyrir því að ráðherra muni í samningi við Seðlabanka setja nánar tiltekin skilyrði við veitingu ábyrgða. Í 1. tölul. lista yfir þau skilyrði sem ætlunin er að setja í samningi ráðherra við Seðlabanka Íslands segir að gert sé ráð fyrir að „ábyrgðir taki eingöngu til nýrra lána til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir 40% tekjumissi eða meira milli ára“.

Af framangreindu hafa SAF nokkrar áhyggjur.

A.m.k. 40% tekjumissir

SAF telja að verulega hættu á að skilyrði um 40% tekjumissi eða meira milli ára geti orðið til þess að úrræðið nýtist ferðapjónustufyrirtækjum ekki nægilega vel. Mörg ferðapjónustufyrirtæki urðu fyrir töluverðum tekjumissi í tengslum við fall Wow air á síðasta ári. Þá er því þannig háttað í tilfelli sumra ferðapjónustufyrirtækja, einkum á landsbyggðinni, að þau starfa ekki hluta úr ári, loka t.d. í september/október, opna aftur í desember og fram í janúar en loka þá aftur fram í apríl/maí. Þá er hætt við að einhverjum fyrirtækjum sem lenda „framarlega í röðinni“ hjá bankastofnunum geti reynt erfitt að sína fram á nægilegt tekjufall á fyrri hluta ársins til þess að uppfylla skilyrði úrræðisins og þau því þurft að bíða þar til það raungerist og það þrátt fyrir að tekjustreymi sé í raun gufað upp.

Fyrirtæki

Gert er ráð fyrir að ábyrgðir taki eingöngu til lána til *fyrirtækja*. Að mati SAF er hætt við að þar með verði horft of vítt við mat á því hvort rekstur geti talist lífvænlegur og þess virði að honum verði viðhaldið fyrir tilstuðlan úrræðisins. Neðst á bls. 20 í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að úrræðið geti talist ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Í því samhengi telja SAF eðlilegt að horft sé til ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisstyrkja. Í viðauka við ákvörðun nr. 321/14/COL eru settar fram leiðbeiningarreglur um ríkisstuðning vegna björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja sem ekki starfa á fjármálamarkaði. Leiðbeiningarreglurnar ná til fyrirtækja sem eiga við rekstrarörðugleika að stríða, til skamms eða meðallangs tíma litið, sem er þess eðlis að án aðkomu hins opinbera mundu þau missa rekstrarhæfi. Í kafla 2.3 í leiðbeiningarreglunum er gerð grein fyrir þremur tegundum ríkisstuðnings, þ.e. björgunarstuðningi (e. rescue aid), stuðningi vegna endurskipulagningar (e. restructuring aid) og tímabundnum stuðningi vegna endurskipulagningar (e. Temporary restructuring support). Síðastnefndi stuðningurinn felst í lausafjárstuðningi sem ætlað er að stuðla að endurskipulagningu fyrirtækis sem á að gera fyrirtæki fært að skapa sér hagfelld rekstrarskipulag sem er lífvænlegt til lengri tíma litið. Sá stuðningur á einkum að gagnast litlum og meðal stórum fyrirtækjum. Björgunarstuðningur er hins vegar í bráðastuðningur sem náð getur til allra fyrirtækja, óháð stærð, sem hefur það markmið að halda rekstri á floti til skemmri tíma litið á meðan öflun lausafjár eða undirbúningur endurskipulagningar á sér stað.

Miðað við þau áform sem koma fram í greinargerð frumvarpsins telja SAF hætt við að fjármálastofnunum verði ætlað að horfa til fyrirtækjarekstrar í heild sinni við mat á forsendum lána til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir tekjumissi. Þar með er hætt við að horft verði framhjá einstökum rekstrarþáttum fyrirtækja þrátt fyrir að þeir séu vel lífvænlegir. Þeir rekstrarþættir fyrirtækja sem ekki hafa verið í nægilega góðu horfi geta þannig dregið lífvænlega rekstrarþætti niður og niðurstaðan orðið sú að fjármálastofnanir telji fyrirtæki í heild sinni ekki á vetur setjandi. Fari svo er hætt við að verðmætir rekstrarþættir í ferðapjónustu fari í súginn.

Tillögur SAF

Í ljósi framangreinds leyfa SAF sér að leggja til að það skilyrði í 1. tölul. lista yfir þau skilyrði sem ætlunin er að setja í samningi ráðherra við Seðlabanka Íslands um að „ábyrgðir taki eingöngu til nýrra lána til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir 40% tekjumissi eða meira milli ára“ verði með einhverjum hætti útfært nánar.

Mat á skilyrðinu um 40% tekjumissi eða meira milli ára þarf að vera svo sveigjanlegt að tryggt verði að það taki annars vegar tillit til árstíðabundinnar sveiflu í ferðapjónustu og hins vegar sé unnt við matið að taka mið af skynsamlegri áætlun um tekjumissi.

Við mat á framangreindu skilyrði þarf jafnframt að vera tryggt að fjármálastofnanir geti horft til lífvænleika einstakra rekstrarþátta innan fyrirtækja, þ.e. að þær séu ekki bundnar við að horfa til rekstrarforsendna fyrirtækja á heildina litið.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri